

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Sætin.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Sætúns á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að í stað einnar lóðar fyrir atvinnuhúsnaði verða tvær lóðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hverfisgata 41.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðar er hækkað, íbúðum er fjölgað í þrjár, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og komið fyrir svölum á norðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Njálsgata 60.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 60 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að skilmálatafla er uppfærð, húsheitin Njálsgata 60 og 60A sameinuð undir heitinu Njálsgata 60, friðun timburhúss að Njálsgötu 60 afnumin og heimilt að byggja nýtt hús á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. apríl 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. apríl 2019